

# Stjórnartíðindi

## 2004 - B-deild - B83-87

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 1463.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# ***Stjórnartíðindi***

***B 83-87***

***Nr. 572-605***

***2004***

## Efnisyfirlit B 83-87 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
572	5. júlí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	1417
573	6. júlí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	1418
574	7. júlí	Reglugerð um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2004/2005 .....	1418-1422
575	5. júlí	Reglugerð um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005 .....	1423-1424
576	7. júlí	Reglugerð um togveiðar á kolmunna 2004 .....	1425-1427
577	8. júlí	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti .....	1427
578	1. júlí	Auglýsing um að fella úr gildi auglýsingu nr. 469, dags. 8. júlí 1998 .....	1428
579	1. júlí	Auglýsing um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483(2003) og nr. 1546(2004) um afnám viðskiptaþvingana gegn Írak o.fl. ...	1428-1429
580	1. júlí	Auglýsing um að fella úr gildi auglýsingu nr. 468, dags. 8. júlí 1998 .....	1429
581	1. júlí	Auglýsing um að fella úr gildi auglýsingu nr. 472, dags. 8. júlí 1998 .....	1430
582	8. júlí	Auglýsing um deiliskipulag við Dvalarheimilið Hlíð, Akureyri .....	1430
583	9. júlí	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi .....	1431
584	8. júlí	Auglýsing um gjaldskyldu á bílastæðum við Grettisgötu milli Snorrabrautar og Barónsstígs .....	1431
585	1. júlí	Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar .....	1432-1433
586	1. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum .....	1434
587	5. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Brekkusíðu 8-10 á Akureyri .....	1435
588	12. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík .....	1436
589	1. júlí	Reglugerð um skipsbúnað .....	1437-1496
590	9. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Norðurtún 24, Bessastaðahreppi .....	1496
591	2. júlí	Auglýsing um skráningu magntölu vara í aðflutnings- og útflutningsskýrslu .....	1497-1504
592	2. júlí	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun .....	1504
593	7. júlí	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Þórshafnar 2003 - 2023 .....	1505
594	28. júní	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum .....	1505-1510

Framhald á 3. kápusíðu.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 2004

5. júlí 2004

1417

Nr. 572

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Kvosin, Austurstræti 17.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 9. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Austurstræti 17.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reitur 1.180.3, Óðinsgata 8b.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 9. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Óðinsgötu 8b.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Einarsnes 60.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 9. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Einarsnes 60.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 5. júlí 2004.*

Skipulagsfulltrúi, e.u. **Margrét Þormar.**

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Bústaðahverfi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti Borgarráð Reykjavíkur, þann 20. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bústaðahverfi, svæði sem afmarkast af Hæðargarði, Bústaðavegi, Grensásvegi og Réttarholtsvegi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 6. júlí 2004.*

Skipulagsfulltrúi, e.u. **Margrét Þormar.**

## REGLUGERÐ

### um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2004/2005.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænleuskra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á tímabilinu 7. júlí 2004 til 30. apríl 2005.

#### 2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í veiðiskipi skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því og reglur sem um loðnuveiðar gilda.

Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í brt., burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Skip sem afsala sér veiðileyfi skulu tilkynna það Fiskistofu, og komi sömu upplýsingar fram og í umsókninni.

#### 3. gr.

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 26.600 lestir í efnahagslögsögu Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í efnahagslögsögu Íslands til 15. febrúar 2005 og norðan við 64°30'N.

Færeyskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samtals 30.000 lestir.

Grænleuskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands það magn sem þeim er úthlutað af grænleuskum stjórnvöldum, þó með þeim takmörkunum að eftir 15. febrúar 2005 og sunnan 64°30' N er þeim óheimilt að veiða meira en 23.000 lestir til loka vertíðarinnar.

Allar veiðar eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands tímabilið 16. ágúst - 15. september 2004. Erlend veiðiskip skulu hlíta þeim verndaraðgerðum sem stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun kunna að grípa til.

#### 4. gr.

Færeyskum, grænleuskum og norskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslensk-

um höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Færeyskum skipum er óheimilt að vinna afla eða frysta um borð á tímabilinu janúar til apríl og utan Íslands er þeim einungis heimilt að landa loðnu til bræðslu.

#### 5. gr.

Til 30. nóvember 2004 skulu ekki fleiri en 35 norsk skip stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelginni samtímis. Frá 1. desember 2004 til 15. febrúar 2005 skulu ekki fleiri en 25 norsk skip stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samtímis.

Ekki skulu fleiri en 10 færeysk skip stunda loðnuveiðar samtímis.

Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip frá hverri þjóð vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni, en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 12. gr.

#### 6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um einn af eftirfarandi athugunarstöðum:

- a) 65°00'N - 10°00'V
- b) 66°15'N - 09°00'V
- c) 67°30'N - 10°00'V
- d) 68°30'N - 11°00'V
- e) 69°15'N - 13°00'V
- f) 68°40'N - 16°30'V
- g) 68°00'N - 20°00'V

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að ákveða hvaða athugunarstað veiðiskip siglir um. Heimilt er með samþykki Landhelgisgæslunnar að halda til annarra athugunarstöðva en tilgreindir eru í 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstað áður en tilkynntur komutími er liðinn, samkv. 8. og 11. gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

#### 7. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða sbr. 2. gr. skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu.

#### 8. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, í tonnum.

Athugunarstað sem siglt verðum um sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

## 9. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, í tonnum.

Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

## 10. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokartilkyning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, í tonnum.

Afli síðan síðasta aflatilkynning var send.

## 11. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkyning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, í tonnum.

Athugunarstaður sem siglt verður um sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða sbr. 10. gr. og um komu á athugunarstað. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga við ákvæði þessarar greinar að öðru leyti en því að í stað orðsins: „athugunartilkyning“ (control report) koma orðin: „loka- og athugunartilkyning“ (exit og control report).

## 12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar sbr. 3. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „In“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Staðsetningartilkynning“ (position report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Out“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar skip siglir út úr lögsögunni.

## 13. gr.

Skipstjórum erlendra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í erlend loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og ennfremur greiða allan kostað af veru þeirra um borð í skipinu.

Í afladagbók, sem skal vera innbundin, með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Nafn skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar nóttinni er kastað og afla í hverju kasti í tonnum, áður en nóttinni er kastað á ný. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í fiskveiðilandhelgi Íslands, stærð nótar og möskvastærð. Þá skal skipstjóri undirrita hverja síðu. Jafnframt skal Hafrannsóknastofnuninni sent afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:



Afladagbók  
Skipsdagbók  
Mælibréfi  
Teikningum af skipi  
Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.  
Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.  
Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðabrota.

Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildar-  
rúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað  
við 10 sentímetra millibil frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

## 14. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót.

## 15. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og  
skyndilokunum Hafrannsóknastofnunarinnar, sbr. 8. -11. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um  
veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 16. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6. gr. og 8. - 11. gr. hafi aðilar gert sam-  
komulag þar um.

## 17. gr.

Tilkynningar skv. 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera  
miðaðar við íslenskan tíma, UTC.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga  
nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl  
1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum  
skal farið að hætti opinberra mála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar  
brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa, gegn reglugerð þessari.

## 19. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu  
erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftir-  
breytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júlí 2004.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá 6. júlí 2004 til og með 30. apríl 2005.

#### 2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávaraflla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 2004/2005 er 224.138 lestir.

#### 3. gr.

Veiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun að allar loðnuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 16. ágúst - 15. september 2004. Þá er íslenskum skipum aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildaraflla íslensku skipanna.

#### 4. gr.

Stjórnvöld í Noregi og Grænlandi setja reglur um veiðar í lögsögu landanna. Fiskistofa skal koma upplýsingum þar um til skipa eftir því sem unnt er.

#### 5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuaflla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar aflla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

Óheimilt er að dæla aflla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip. Þá er óheimilt að flytja óvigtaðan aflla milli skipa nema með sérstöku leyfi Fiskistofu. Fáí loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann aflla sem er í nótinni er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nótinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu.

#### 6. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nót. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, leyft loðnuveiðar með vörpu í tilraunaskyni.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákvæðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall loðnu, smærri en 14 cm, yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjúnuoddi að sporðsenda.

#### 7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála

og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. júlí 2004.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 2004

7. júlí 2004

1425

Nr. 576

## REGLUGERÐ

### um togveiðar á kolmunna 2004.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á kolmunna á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í fiskveiðilögsögu Íslands og í lög-sögum þeirra landa, þar sem íslensk skip hafa rétt til að veiða samkvæmt samningum. Á ári-  
nu 2004 er íslenskum skipum heimilt að veiða 713 þús. lestir af kolmunna og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar þeirra.

#### 2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu. Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda flotvörpu-  
veiðar á kolmunna, sem hafa aflamark í kolmunna.

#### 3. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður-og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                             |                             |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05,90 N - 20°30,00 V  | 14. 64°21,70 N - 12°17,30 V |
| 2. 63°11,40 N - 19°07,30 V  | 15. 64°32,30 N - 11°41,00 V |
| 3. 63°07,50 N - 18°38,00 V  | 16. 65°00,00 N - 11°28,00 V |
| 4. 63°09,00 N - 18°27,00 V  | 17. 65°27,00 N - 11°24,00 V |
| 5. 63°07,00 N - 18°02,00 V  | 18. 65°32,51 N - 11°25,55 V |
| 6. 63°12,50 N - 17°00,00 V  | 19. 65°37,50 N - 12°57,61 V |
| 7. 63°20,00 N - 16°03,00 V  | 20. 65°50,56 N - 12°57,61 V |
| 8. 63°22,50 N - 15°51,00 V  | 21. 66°00,00 N - 12°51,80 V |
| 9. 63°26,00 N - 15°29,00 V  | 22. 66°03,00 N - 12°36,80 V |
| 10. 63°30,70 N - 15°00,00 V | 23. 66°14,00 N - 12°40,00 V |
| 11. 63°33,60 N - 14°41,70 V | 24. 66°23,00 N - 12°51,00 V |
| 12. 63°43,40 N - 13°53,00 V | 25. 66°33,16 N - 13°23,43 V |
| 13. 64°00,00 N - 13°07,00 V | 26. 66°41,65 N - 12°51,09 V |

og þaðan í rv. 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

## 4. gr.

Íslenskum skipum sem leyfi hafa fengið til kolmunnaveiða með flotvörpu er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sbr. reglugerð nr. 303/1999 um afladagbækur. Þar skal fram koma m.a. veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðarmót eða eftir að veiðum lýkur.

Þegar kolmunni er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,05

## 5. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stykki af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

## 6. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

## 7. gr.

Um tilkynningar við kolmunnaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 477/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði (NEAFC) Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar með síðari breytingum og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu. Um tilkynningar til Færeyja vegna veiða innan færeysku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

## 8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan kolmunnaafli á viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram kolmunnaafli skipsins sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Færeyja.

## 9. gr.

Kolmunnaafli skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa kolmunnaafli til bræðslu í fiskimjölsværksmiðju í erlendri höfn, enda liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Um vigtun á kolmunna gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla með síðari breytingum.

## 10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 270, 17. mars 2004, um togveiðar á kolmunna.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júlí 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eypórsson.*

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blómkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn</b> kg.	<b>Verðtollur</b> %	<b>Magntollur</b> kr./kg
0704.1000	Blómkál	12.07. – 18.07.04	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	19.07. – 25.07.04	ótilgr.	0	132
0704.1000	Blómkál	26.07. – 30.09.04	ótilgr.	0	176

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 8. júlí 2004.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólög Vilhjálmsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 2004

Nr. 578

1428

1. júlí 2004

## AUGLÝSING

**um að fella úr gildi auglýsingu nr. 469, dags. 8. júlí 1998.**

Ríkisstjórnin hefur, í samræmi við ályktun öryggisráðsins nr. 1367(2001), ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 469, dags. 8. júlí 1998, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1160(1998) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

Nr. 579

1. júlí 2004

## AUGLÝSING

**um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483(2003) og nr. 1546(2004) um afnám viðskiptaþvingana gegn Írak o.fl.**

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að breyta ráðstöfunum sem ákveðnar voru í fyrirmælum, dags. 8. júlí 1998, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 470/1998, til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 706(1991), 712(1991), 986(1995), 1111(1997), 1129(1997), 1137(1997), 1143(1997), 1153(1998), 1158(1998) og 1175(1998), til samræmis við ályktanir öryggisráðsins nr. 1483(2003) frá 22. maí 2003 og nr. 1546(2004) frá 8. júní 2004 um afnám viðskiptaþvingana gegn Írak o.fl. og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Óheimilt er að veita þeim meðlimum fyrrum ríkisstjórnar Íraks hæli á Íslandi sem taldir eru bera ábyrgð á afbrotum og öðrum grimmдарverkum.
2. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að versla með eða flytja um íslenskt yfirráðasvæði þær menningarminjar sem fjarlægðar hafa verið eða grunur leikur á um

að fjarlægðar hafi verið með ólögmetum hætti úr þjóðminjasafni, landsbókasafni eða öðrum stöðum í Írak, frá því ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661(1990) var samþykkt 6. ágúst 1990.

- Öllum takmörkunum á viðskipti við Írak er hér með aflétt nema þeim er lúta að viðskiptum með vopn og hvers kyns vopnabúnað. Heimilt er þó að eiga viðskipti með vopn og hvers kyns vopnabúnað sem nauðsynleg eru fyrir stjórnvöld í Írak til að framfylgja ályktunum öryggisráðsins.
- Fram til 31. desember 2007 skulu olía og olíuvörur, upprunnar í Írak, vera undanþegnar fullnustugerðum þar til þær eru komnar í hendur kaupanda, nema um sé að ræða skaðabótaábyrgð sem skapast hefur vegna umhverfisslyss, þ.m.t. olíuleka.
- Ákvæði 4. t. gilda ekki um lokadómsniðurstöðu vegna málaferla út af sammingsbundnum skyldum sem Írak gengst undir eftir 30. júní 2004.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngrri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 470/1998.

*Utánríkisráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

**um að fella úr gildi auglýsingu nr. 468, dags. 8. júlí 1998.**

Ríkisstjórnin hefur, í samræmi við ályktun öryggisráðsins nr. 1448(2002), ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 468, dags. 8. júlí 1998, um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 864(1993), 1127(1997), 1130(1997), 1173(1998) og 1176(1998) vegna brota UNITA-hreyfingarinnar í Angóla á ályktunum ráðsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*



## AUGLÝSING

um að fella úr gildi auglýsingu nr. 472, dags. 8. júlí 1998.

Ríkisstjórnin hefur, í samræmi við ályktun öryggisráðsins nr. 1372(2001), ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 472, dags. 8. júlí 1998, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1054(1996) um refsiaðgerðir gegn Súdan.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

um deiliskipulag við Dvalarheimilið Hlíð, Akureyri.

Bæjarráð Akureyrar í umboði bæjarstjórnar hefur þann 24. júní 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir lóð Dvalarheimilisins Hlíðar og nágrenni. Skipulagið gerir m.a. ráð fyrir að byggð verði um 4.000 m<sup>2</sup> nýbygging á allt að þremur hæðum til stækkunar á dvalarheimilinu vestast og syðst á lóð þess, og að lóðin stækki til suðurs meðfram Þórunnarstræti á kostnað lóðar Norðurorku. Lóðarstækkunin verði notuð fyrir bílastæði.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*F. h. Akureyrarbæjar, 8. júlí 2004,*

**Bjarni Reykjalin,**

skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Miðbæjarreits á Akranesi.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. maí 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Miðbæjarreits.

Breytingin felst m.a. í að svæðið verði tekið undir blandaða byggð fyrir verslun, þjónustu og íbúðir. Á svæðinu verða 4 lóðir, tvær lóðir fyrir íbúðarhús sem verða 3.300 m<sup>2</sup> og 3.800 m<sup>2</sup>, lóð Skagavers og lóð fyrir verslunarmiðstöð sem verða samtals 27.700m<sup>2</sup>.

Tillagan var auglýst samkv. 25. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*F. h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar, 9. júlí 2004,*

**Guðný J. Ólafsdóttir.**

## AUGLÝSING

### um gjaldskyldu á bílastæðum við Grettisgötu milli Snorrabrautar og Barónsstígs.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 6. júlí 2004, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Bílastæði við götukanta Grettisgötu milli Snorrabrautar og Barónsstígs verði gjaldskyld.

Settir verði upp miðamælar beggja megin götunnar, með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund. Lágmarkstími verður 14 mínútur fyrir 10 krónur, en enginn hámarkstími.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. júlí 2004.*

Þórólfur Árnason,  
e.u. **Gunnar Eydal.**

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Ólafsfjarðar.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

#### 2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

#### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

### II. KAFLI

#### 4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

- a) Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil kr. 509
- b) Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 1.215
- c) Vatnsgjald pr. rúmm. kr. 51

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns í Sparisjóði Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, eða öðrum greiðslustöðvum gíróseðla. Reikninga skal gefa út á miðju notkunartímabili, gjalddagi reikninga er útgáfudagur.

Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga.

### III. KAFLI

#### 6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

## A)

1.	Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli .....	kr.	98.660
2.	a. Hús 300-2000 rúmm. að utanmáli .....	kr.	98.660
	b. Fyrir hvern rúmm. umfram 300 .....	kr.	91
3.	a. Hús stærri en 2000 rúmm. að utanmáli .....	kr.	245.925
	b. Fyrir hvern rúmm. umfram 2000 .....	kr.	76
4.	Stofngjald fyrir hvern aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	19.156

## B)

Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal, þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 rúmm. húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

## 7. gr.

Gjöld skv. 4. gr og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.780 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlun hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## 12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 553, 2. ágúst 2000.

*Iðnaðarráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

§ 401 í kafla 3.2 um háspennuvirki orðist með svohljóðandi hætti:

§ 401 *Hönnun og setning háspennulína.*

Við hönnun og setningu háspennulína með málspennu hærrí en 45 kV skal fara eftir ÍST EN 50341-1:2001 „Overhead electrical lines exceeding AC 45 kV – Part 1 : General requirements – Common specifications“ ásamt íslenska viðaukanum EN 50341-3-12:2001 „Overhead electrical lines exceeding AC 45 kV – Part 3 : Set of National Normative Aspects“.

#### 2. gr.

Við § 403 í kafla 3.2 um háspennuvirki bætist eftirfarandi:

Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins fyrir háspennulínur með málspennu sem er 45 kV og lægri, [sbr. § 401].

#### 3. gr.

Við § 404 í kafla 3.2 um háspennuvirki bætist eftirfarandi:

Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins fyrir háspennulínur með málspennu sem er 45 kV og lægri, [sbr. § 401].

#### 4. gr.

Reglugerð þessi um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264, 31. desember 1971, með áorðnum breytingum, er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

F. h. r.

**Atli Freyr Guðmundsson.**

*Pétur Örn Sverrisson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Brekkusíðu 8-10 á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. febrúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi lóðanna Brekkusíðu 8 og 10. Breytingarnar felast aðallega í færslu sameiginlegra lóðarmarka um 2,85 m til norðurs ásamt breytingum á byggingarreitum og fyrirkomulagi bílskúra. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún muni bæta það tjón sem breytingarnar kunni að valda einstökum aðilum.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F. h. Akureyrarbæjar, 5. júlí 2004,*

**Bjarni Reykjalín,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 2004

Nr. 588

1436

12. júlí 2004

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

*Skildinganes.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 24. febrúar 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skildinganes, svæði sem afmarkast af Einarsnesi, Skildinganesi, Skeljanesi og útivistarsvæði við strandlengju. Jafnframt fellur úr gildi eldra skipulag sama svæðis.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 12. júlí 2004.*

Skipulagsfulltrúi,  
e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

## REGLUGERÐ

### um skipsbúnað.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmiðið með þessari reglugerð er að bæta öryggi á sjó og koma í veg fyrir mengun sjávar með því að beita, á einsleitan hátt, viðeigandi alþjóðlegum gerningum varðandi búnað, sem er talinn upp í viðauka A og koma á fyrir um borð í skipum, enda hafi aðildarríki EES gefið út öryggisskírteini vegna hans samkvæmt alþjóðasamþykktum, og tryggja frjálsan flutning slíks búnaðar innan EES-svæðisins.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *aðferðir við samræmismat* eru þær aðferðir sem eru settar fram í 10. gr. og viðauka B;
- b) *búnaður* er búnaður sem er talinn upp í viðaukum A.1 og A.2 og koma skal fyrir um borð í skipi til þess að fullnægja ákvæðum alþjóðlegra gerninga, eða er valfrjálst að koma fyrir um borð í skipi, að fenginni viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands á honum eins og krafist er samkvæmt alþjóðlegum gerningum;
- c) *fjarskiptabúnaður* er búnaður sem er krafist samkvæmt IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, samkvæmt nýjustu útgáfu hennar, og tviátta metrabylgjugalstöðvarbúnaður (VHF) fyrir björgunarför sem er krafist í reglu III/6.2.1 í sömu samþykkt;
- d) *alþjóðasamþykktir eru*:
  - alþjóðasamþykkt frá 1966 um hleðslumerki skipa (LL66),
  - samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (COLREG),
  - alþjóðasamþykkt frá 1973 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum (MARPOL),
  - alþjóðasamþykkt frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), ásamt bókunum við þær og breytingum sem eru bindandi samkvæmt nýjustu útgáfu þeirra;
- e) *alþjóðlegir gerningar* eru viðeigandi alþjóðasamþykktir, ályktanir og umburðarbréf frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) og viðeigandi alþjóðlegir prófunarstaðlar;
- f) *merki* er tákni sem vísað er til í 11. gr. og sýnt í viðauka D;
- g) *tilkynntur aðili* er stofnun sem lögbært innlent yfirvald aðildarríkis EES hefur tilnefnt í samræmi við 9. gr.;
- h) *koma fyrir um borð* er að setja upp eða koma fyrir um borð í skipi;
- i) *öryggisskírteini* er vottorð sem aðildarríki EES gefur út eða lætur gefa út fyrir skip EES-ríkja í samræmi við alþjóðasamþykktir;
- j) *skip* er skip sem fellur undir gildissvið alþjóðasamþykktanna; ekki er átt við herskip;
- k) *skip EES-ríkja* eru skip sem aðildarríki EES hafa gefið út eða látið gefa út öryggisskírteini fyrir samkvæmt alþjóðasamþykktum. Útgáfa Siglingastofnunar Íslands á skírteini fyrir skip, að beiðni yfirvalds þriðja lands, fellur ekki undir þessa skilgreiningu;



- l) *nýtt skip* er skip þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða sem er á svipuðu smíðastigi 1. janúar 2001 eða síðar. Í þessari skilgreiningu merkir „svipað smíðastig“ það stig þegar:
- i) smíði tiltekins skips, svo sem ráða má af smíðalaginu, er hafin og
  - ii) samsetning er hafin á skipinu og það orðið að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum massa alls smíðaefnis, hvort heldur er minna;
- m) *gamalt skip* er skip sem er ekki nýtt skip;
- n) *prófunarstaðlar* eru staðlar sem eftirtaldir aðilar samþykkja:
- Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO),
  - Alþjóðastaðlasamtökin (ISO),
  - Alþjóðaraftækniráðið (IEC),
  - Staðlasamtök Evrópu (CEN),
  - Rafstaðlasamtök Evrópu (Cenelec) og
  - Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI)
- samkvæmt nýjustu útgáfu þeirra og settir í samræmi við viðeigandi alþjóðasamþykktir og viðeigandi ályktanir og umburðarbréf Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), í því skyni að skilgreina aðferðir við prófanir og niðurstöður prófana en einungis með því sniði sem um getur í viðauka A;
- o) *gerðarviðurkenning* er mat á búnaði, sem er framleiddur í samræmi við viðeigandi prófunarstaðla, og útgáfa viðeigandi skírteinis.

## 3. gr.

*Gildissvið.*

Þessi reglugerð gildir um búnað til notkunar um borð í:

- a) nýju skipi
- b) gömlu skipi,
  - hafi slíkur búnaður ekki áður verið um borð eða
  - eigi að koma fyrir nýjum búnaði um borð í skipinu í stað fyrri búnaðar, nema annað sé heimilað í alþjóðasamþykktum.

Þessi reglugerð gildir ekki um búnað sem hefur verið komið fyrir um borð í skipi fyrir 1. janúar 2001.

Þrátt fyrir að búnaður, sem um getur í 1. mgr., geti fallið undir ákvæði annarra tilskipana EES en tilskipunar ráðsins 96/98/EB að því er varðar frjálstan flutning, þá er einkum átt við tilskipanir ráðsins 89/336/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafsegulsviðssamhæfi og 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar, fellur umræddur búnaður einungis undir ákvæði þessarar reglugerðar í þessu tiltekna tilliti.

## 4. gr.

*Ábyrgð.*

Við útgáfu eða endurnýjun viðeigandi öryggisskírteina skal Siglingastofnun Íslands eða stofnanir sem starfa í umboði hennar, tryggja að búnaður um borð í skipum, sem hún gefur út öryggisskírteini fyrir, sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

## 5. gr.

*Kröfur til búnaðar.*

Búnaður, sem talinn er upp í viðauka A.1 og hefur verið komið fyrir um borð í skipi 1. janúar 2001 eða síðar, skal uppfylla viðeigandi kröfur alþjóðlegra gerninga sem um getur í þeim viðauka.

Gengið skal úr skugga um að búnaður uppfylli gildandi kröfur alþjóðasamþykktta og viðeigandi ályktana og umburðarbréfa Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar með því að notast einungis við viðeigandi prófunarstaðla og þær aðferðir við samræmismat sem um getur í viðauka A.1. Framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES-svæðisins, getur ákveðið hvort valinn er staðall Alþjóðaraftækniráðsins (IEC) eða staðall Fjarskipta- staðlastofnunar Evrópu (ETSI) ef staðlar beggja stofnana eru gefnir upp undir sama númeri í viðauka A.1.

Einnig er heimilt að markaðssetja búnað, sem er talinn upp í viðauka A.1 og framleiddur fyrir þann dag sem um getur í 1. mgr., og koma honum fyrir um borð í skipi hafi Siglingastofnun Íslands, eða annar aðili í umboði hennar, gefið út skírteini fyrir skipið, í samræmi við alþjóðasamþykktir, á næstu tveimur árum eftir framleiðsludag búnaðarins, svo fremi búnaðurinn hafi verið framleiddur í samræmi við þær gerðarviðurkenningar aðferðir sem voru í gildi fyrir 1. janúar 2001.

#### 6. gr.

##### *Markaðssetning búnaðar.*

Heimilt er að setja búnað, sem um getur í viðauka A.1 og ber merkið eða uppfyllir á annan hátt ákvæði þessarar reglugerðar, á markað á Íslandi eða koma honum fyrir um borð í íslensku skipi. Siglingastofnun Íslands skal gefa út eða endurnýja öryggisskírteini fyrir búnaðinn eftir atvikum.

#### 7. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gefa út fjarskiptaleyfi í samræmi við alþjóðareglur um fjarskipti áður en viðeigandi öryggisskírteini er gefið út.

#### 8. gr.

##### *Búnaður í innfluttum skipum.*

Ef um er að ræða nýtt skip sem án tillits til þess fána sem skipið siglir undir, er ekki skráð í neinu aðildarríki EES, en til stendur að færa yfir á íslenska skipaskrá, skal Siglingastofnun Íslands eða stofnanir sem starfa í umboði hennar skoða það til að sannreyna hvort ástand búnaðar sé í samræmi við öryggisskírteini skipsins og að búnaðurinn fullnægi annað hvort ákvæðum þessarar reglugerðar og beri merkið eða sé jafngildur, að því marki sem Siglingastofnun Íslands telur viðunandi, búnaði sem hefur fengið gerðarviðurkenningu í samræmi við tilskipun ráðsins 96/98/EB.

Skipta skal um búnað ef hann ber ekki merkið eða Siglingastofnun Íslands telur hann ekki jafngildan.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2003, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 39, dags. 31. júlí 2003 (bls. 19), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 28. júní 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal:****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2099/2002**

frá 5. nóvember 2002

**um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum.**

EVROÞUÞINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr. sáttmálsins <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ráðstafanirnar til framkvæmdar gildandi reglugerðum og tilskipunum um öryggi á höfunum voru samþykktar með stjórnarsýslumálsmeðferð í nefndinni sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan Bandalagsins <sup>(5)</sup> og, í sumum tilvikum, í sérstakri nefnd. Þessar nefndir unnu eftir reglunum sem settar eru fram í ákvörðun ráðsins 87/373/EBE frá 13. júlí 1987 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við beitingu framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(6)</sup>.
- 2) Með ályktun sinni frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafinu <sup>(7)</sup> samþykkti ráðið að meginreglu til að komið yrði á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögu að stofnun slíkrar nefndar.

- 3) Hlutverk nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum er að miðstýra verkefnum nefndanna, sem komið er á fót samkvæmt lögum Bandalagsins um öryggi á höfunum, varnir gegn mengun frá skipum og um vernd aðbúnaðar og vinnuskilyrða um borð, og að veita framkvæmdastjórninni aðstoð og ráð í öllum málum er varða öryggi á höfunum og það að koma í veg fyrir eða draga úr mengun umhverfisins af völdum skipaúterðar.

- 4) Í samræmi við ályktunina frá 8. júní 1993 ber að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum og fela henni þau verkefni sem áður voru á hendi nefndanna sem komið var á fót samkvæmt fyrrgreindum lögum. Í öllum, nýjum lögum Bandalagsins, sem eru samþykkt á sviði öryggis á höfunum, skal skírskotað til þeirrar nefndar.

- 5) Ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(8)</sup> hefur komið í stað ákvörðunar 87/373/EBE og því gilda ákvæði hennar gagnvart nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum. Tilgangurinn með fyrri ákvörðuninni er að skilgreina málsmeðferð, sem nefndin getur beitt, og tryggja Evrópuþinginu og almenningi ítarlegri upplýsingar um störf nefndanna.
- 6) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til að koma fyrrnefndum lögum í framkvæmd, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun 1999/468/EB.
- 7) Einnig ber að breyta fyrrgreindum lögum svo að nefndin um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum komi í stað nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 93/75/EBE eða, ef við á, sérstakrar nefndar sem komið er á fót samkvæmt tilteknum lögum. Með þessari reglugerð skal einkum breyta viðeigandi ákvæðum í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 613/91 frá 4. mars 1991 um tilfærslu skipa

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 276.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 139, 11.5.2001, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 253, 12.9.2001, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 2001 (Stjtið. EB C 276, 1.10.2001, bls. 42), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. maí 2002 (Stjtið. EB C 170 E, 16.7.2002, bls. 37) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 24. september 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/74/EB (Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 197, 18.7.1987, bls. 33.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB C 271, 7.10.1993, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

frá einni skipaskrá til annarrar innan Bandalagsins<sup>(1)</sup>, (EB) nr. 2978/94 frá 21. nóvember 1994 um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) A. 747 (18) um beitingu mælingarreglna um aðgreinda sjókjölfestugeyma í oliuflutningaskipum<sup>(2)</sup>, (EB) nr. 3051/95 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum<sup>(3)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir oliuskip með einföldum byrðing og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94<sup>(4)</sup> til að fella inn í þær vísun í nefndina um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum og innleiða stjórnsýslu-málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

8) Enn fremur eru fyrrgreind lög byggð á beitingu reglna sem grundvallast á alþjóðlegum gerningum sem eru í gildi þann dag sem viðkomandi gerð Bandalagsins er samþykkt eða þann dag sem er tilgreindur í lögnum. Af því leiðir að aðildarríkin geta ekki beitt síðari breytingum á þessum alþjóðlegu gerningum fyrr en tilskipunum eða reglugerðum Bandalagsins hefur verið breytt. Þetta veldur verulegum vandkvæðum, einkum seinkun á því að nýjustu og ströngustu alþjóðlegu öryggisstöðlum sé beitt í Bandalaginu, vegna þess hve erfitt er að tryggja að alþjóðlegar breytingar taki gildi sama dag og breyting á reglugerðum sem fella þessar breytingar inn í lög Bandalagsins.

9) Þó er nauðsynlegt að gera greinarmun á ákvæðum gerðar Bandalagsins, þar sem vísað er til alþjóðlegs gernings m.t.t. beitingar þessara ákvæða, og ákvæðum Bandalagsins þar sem alþjóðlegur gerningur er endurtekin að öllu leyti eða að hluta. Í síðarnefnda tilvikinu geta nýjustu breytingar á alþjóðlegum gerningum þó ekki tekið gildi fyrr en viðkomandi ákvæðum Bandalagsins hefur verið breytt.

10) Aðildarríkin skulu því hafa leyfi til að beita nýjustu ákvæðum alþjóðlegra gerninga, að undanskildum þeim sem þegar hafa beinlínis verið tekin upp í gerð Bandalagsins. Þetta má gera með því að geta þess að viðkomandi tilskipun eða reglugerð varði beitingu alþjóðasamnings í „nýjustu útgáfu“ án þess að tilgæta eina dagsetningu.

11) Til að viðhalda gagnsæi er rétt að viðeigandi breytingar á alþjóðlegum gerningum, sem eru felldar inn í siglingalöggjöf Bandalagsins, séu gerðar aðgengilegar í Bandalaginu með birtingu í *Stjórnartíðindum Evrópuandalaganna*.

12) Þó ber að taka upp sérstaka málsmeðferð fyrir samræmisathugun til að framkvæmdastjórnin geti, að höfðu samráði við nefndina um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að breytingar á alþjóðlegum gerningum verði ósamrýmanlegar fyrrgreindum lögum eða stefnu Bandalagsins varðandi siglingaöryggi, varnir gegn mengun frá skipum og verndun aðbúnaðar og vinnuskilyrða um borð eða þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim lögum. Slik málsmeðferð á einnig að koma í veg fyrir að alþjóðlegar breytingar geti dregið úr því siglingaöryggi sem náðst hefur í Bandalaginu.

13) Málsmeðferðin fyrir samræmisathugun kemur ekki að fullum notum nema ráðstafanirnar, sem eru áformaðar, séu samþykktar eins fljótt og unnt er og í öllum tilvikum áður en frestur fyrir gildistöku alþjóðlegru breytinganna rennur út. Þess vegna er rétt að tíminn, sem ráðið hefur til að taka ákvörðun um fyrirhugaðar ráðstafanir í samræmi við 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, sé einn mánuður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*l. gr.*

#### Markmið.

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að bæta framkvæmd löggjafar Bandalagsins sem um getur í 2. mgr. 2. gr. um siglingaöryggi, varnir gegn mengun frá skipum og verndun aðbúnaðar og vinnuskilyrða um borð:

a) með því að miðstýra verkefnum nefndanna sem komið var á fót samkvæmt siglingalöggjöf Bandalagsins en með þessari reglugerð kemur í þeirra stað ein nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem nefnist COSS,

b) með því að hraða uppfærslu og auðvelda síðari breytingar á siglingalöggjöf Bandalagsins í ljósi þróunar alþjóðlegru gerninganna sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

*2. gr.*

#### Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Alþjóðlegir gerningar“: samningar, bókanir, ályktanir, kóðar, reglusöfn, dreifibréf, staðlar og ákvæði sem eru samþykkt á alþjóðlegri ráðstefnu, af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO), Alþjóðavinnuá-  
stofnuninni (ILO) eða aðilum að viljayfirlýsingu sem um getur í gildandi ákvæðum siglingalöggjafar Bandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 68, 15.3.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 320, 30.12.1995, bls. 14. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) No 179/98 (Stjtið. EB L 19, 24.1.1998, bls. 35).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1.

2. „Siglingalöggjöf Bandalagsins“: gildandi lagagerðir Bandalagsins sem eru taldar upp hér á eftir:
- reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91,
  - tilskipun ráðsins 93/75/EBE,
  - reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94,
  - tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda <sup>(1)</sup>,
  - tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hafnarríkisefirlit <sup>(2)</sup>,
  - reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95,
  - tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum <sup>(3)</sup>,
  - tilskipun ráðsins 97/70/EB frá 11. desember 1997 um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri <sup>(4)</sup>,
  - tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip <sup>(5)</sup>,
  - tilskipun ráðsins 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja Bandalagsins <sup>(6)</sup>,
  - tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlanarferðum <sup>(7)</sup>,
  - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstoðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum <sup>(8)</sup>,
  - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarkspjálfun sjómanna <sup>(9)</sup>,
  - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/96/EB frá 4. desember 2001 um samræmdar kröfur og aðferðir að því er varðar örugga lestun og losun búlkaskipa <sup>(10)</sup>,
  - reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002.

3. gr.

#### Nefnd komið á fót.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/105/EB (Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 9).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/106/EB (Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 17).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/75/EB (Stjtið. EB L 254, 23.9.2002, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 34, 9.2.1998, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/35/EB (Stjtið. EB L 112, 27.4.2002, bls. 21).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/25/EB (Stjtið. EB L 98, 15.4.2002, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 188, 2.7.1998, bls. 35.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 13, 16.1.2002, bls. 9.

2. Þegar vitnað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hlíðsjón af 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. gr.

#### Samþætting breytinga á alþjóðlegum gerningum í Bandalaginu.

Siglingalöggjöf Bandalagsins skal ná til þeirra alþjóðlegra gerninga sem hafa tekið gildi, þ.m.t. nýjustu breytinga á þeim, að frátöldum breytingum sem eru undanskildar gildissviði siglingalöggjafar Bandalagsins á grundvelli málsmeðferðar fyrir samræmisathugun sem er ákveðin með 5. gr.

5. gr.

#### Málsmeðferð fyrir samræmisathugun.

1. Að því er varðar þessa reglugerð, og með það fyrir augum að draga úr þeirri hættu að árekstrar verði á milli siglingalöggjafar Bandalagsins og alþjóðlegra gerninga, skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin vinna saman, með samræmingarfundum og/eða öðrum viðeigandi aðferðum, að því að skilgreina, eftir því sem við á, sameiginlega afstöðu eða nálgun á lögmætum vettvangi í alþjóðamálum.

2. Hér með er komið á málsmeðferð fyrir samræmisathugun með það fyrir augum að einungis verði undanskildar frá gildissviði siglingalöggjafar Bandalagsins þær breytingar á alþjóðlegum gerningum sem, að mati framkvæmdastjórnarinnar, hafa í för með sér augljósa hættu á því að alþjóðlega breytingin dragi, innan gildissviðs þeirra reglugerða eða tilskipana sem um getur í 2. mgr. 2. gr., úr kröfum í siglingalöggjöf Bandalagsins varðandi siglingaöryggi, varnir gegn mengun frá skipum og verndun aðbúnaðar og vinnuskilyrða um borð sem settar voru með þessari löggjöf eða breytingin sé ósamrýmanleg henni.

Eingöngu má nota málsmeðferðina fyrir samræmisathugun til að breyta siglingalöggjöf Bandalagsins á sviðum sem falla óumdeilanlega undir stjórnslýsulumálsmeðferð og eru í þrængsta skilningi innan ramma framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið.

3. Við aðstæður, sem um getur í 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin hefja málsmeðferð fyrir samræmisathugun, að beiðni aðildarríkis ef við á.

Framkvæmdastjórnin skal, jafnskjött og hún hefur samþykkt breytingu á alþjóðlegum gerningi, senda nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum tillögu um ráðstafanir til að undanskilja viðkomandi breytingu frá viðkomandi Bandalagstexta.

Ljúka skal málsmeðferðinni fyrir samræmisathugun, þ.m.t. ef við á málsmeðferðinni sem fjallað er um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, a.m.k. einum mánuði áður en tímabilið, sem ákveðið var á alþjóðlegum grunni fyrir þegjandi samþykki á viðkomandi breytingu, rennur út eða fyrir þann dag sem fyrirhugað er að fyrrnefnd breyting öðlist gildi.

4. Sé um að ræða áhættu, eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., skulu aðildarríkin, á þeim tíma sem málsmeðferð fyrir samræmisathugun stendur yfir, ekki hefja neinar aðgerðir sem miða að því að samþætta breytinguna innlendra löggjöf eða beita breytingunni á viðkomandi alþjóðlegum gerningi.

6. gr.

#### Upplýsingar.

Allar viðeigandi breytingar á alþjóðlegum gerningum, sem eru felldar inn í siglingalöggjöf Bandalagsins í samræmi við 4. og 5. gr., skulu birtar í upplýsingarskyni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

7. gr.

#### Valdsvið nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

Nefndin um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun skal fara með það vald sem henni er falið í krafti gildandi löggjafar Bandalagsins. Breyta má 2. mgr. 2. gr. með málsmeðferðinni, sem fjallað er um í 2. mgr. 3. gr., með það fyrir augum að fella inn í hana tilvisun í gerðir Bandalagsins, sem hafa öðlast gildi eftir samþykkt þessarar reglugerðar, þar sem nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum er veitt framkvæmdavald.

8. gr.

#### Breyting á reglugerð (EBE) nr. 613/91.

Reglugerð (EBE) nr. 613/91 er breytt sem hér segir:

1. Í stað a-liðar 1. gr. komi eftirfarandi:

„a) „samningar“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS), alþjóðasamningurinn um hleðslumerki skipa frá 1966 (LL66) og alþjóðasamningurinn um varnir gegn

menkun frá skipum (Marpol-samningurinn frá '73/'78) í nýjstu útgáfum, svo og bindandi ályktanir sem tengjast þessum samningum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur samþykkt.“

2. Í stað 6. og 7. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem var komið á fót með 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (\*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (\*) með hliðsjón af 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

Breytingarnar á alþjóðlegu gerningunum, sem um getur í 1. gr., má undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

(\*) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

(\*\*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

9. gr.

#### Breyting á reglugerð (EBE) nr. 2978/94.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 2978/94:

1. Í stað g-liðar 3. gr. komi eftirfarandi:

„g) „MARPOL-samningurinn frá '73/'78“: alþjóðasamningur frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum eins og honum var breytt með bókun frá 1978 í nýjstu útgáfu.“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við 6. gr.:

„Breytingarnar á alþjóðagerningunum, sem um getur í 3. gr., má undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (\*).

(\*) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.“

3. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.



2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (\*) með hliðsjón af 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(\*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

10. gr.

#### Breyting á reglugerð (EB) nr. 3051/95.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 3051/95:

1. Eftirfarandi undirgrein bætist við í 9. gr.:

„Breytingarnar á alþjóðlegu gerningunum, sem um getur í 2. gr., má undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (\*).

(\*) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.“

2. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (\*) með hliðsjón af 8. gr. hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

T. PEDERSEN

*forseti.*

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(\*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

11. gr.

#### Breyting á reglugerð (EB) nr. 417/2002.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 417/2002:

1. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. „MARPOL-samningurinn frá '73/'78“: alþjóðasamningur frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum eins og honum var breytt með bókun frá 1978 í nýjustu útgáfu.“

2. Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (\*).

(\*) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.“

3. Eftirfarandi undirgrein bætist við í 11. gr.:

„Breytingarnar á alþjóðlega gerningnum, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., má undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.“

12. gr.

#### Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjornartíðindum Evrópubandalaganna*.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001.

#### 1. gr.

Eftirfarandi stafliðir í 1. mgr. 2. gr. orðist svo:

- b) *háhraðafarþegafar* er háhraðafar eins og það er skilgreint í 1. reglu X. kafla alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktin), samkvæmt nýjustu útgáfu hennar, sem getur flutt fleiri en tólf farþega;
- d) *SOLAS-samþykktin frá 1974* er alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 ásamt tilheyrandi bókunum og breytingum samkvæmt nýjustu útgáfu hennar;
- e) *kóði um háhraðaför* eru „alþjóðlegur kóði um öryggi háhraðafara“ sem er að finna í ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC 36 (63) frá 20. maí 1994, samkvæmt nýjustu útgáfu hennar;
- o) *fyrirtæki* er fyrirtæki sem gerir út eina eða fleiri ekjuferjur sem samræmingarskjal hefur verið gefið út fyrir í samræmi við 2. tölul. 5. gr. í reglugerð ráðsins nr. 3051/95/EB frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjuferjum eða fyrirtæki sem gerir út háhraðafarþegaför sem samræmingarskjal hefur verið gefið út fyrir í samræmi við reglu IX/4 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, samkvæmt nýjustu útgáfu hennar;

#### 2. gr.

7. töluliður I. viðauka verður svohljóðandi:

- 7. fyrir hendi sé uppfærð sjóferðaáætlun fyrir brottför ekjuferjunnar eða háhraðafarsins í ferð sína. Við undirbúning sjóferðaáætlunarinnar skal taka fullt tillit til viðmiðunarreglna sem settar eru fram í ályktun þings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.893(21) um viðmiðunarreglur um gerð sjóferðaáætlana.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari er innleidd breyting á tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri efjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum skv. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/84 frá 5. nóvember 2002 sbr. ákvörðun EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES samninginn nr. 178/2003, sem birtist í EES-viðbæti nr. 15 þann 25. mars 2004, bls. 16.

*Samgönguráðuneytinu, 7. júlí 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir*

## REGLUR

### um breytingu á reglum fyrir Tækniháskóla Íslands nr. 813/2002.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. reglnanna:

1. Í ákvæði 2. töluliðar 3. málsgreinar kemur í stað orðsins „Meinataeknasvið“ orðið „Líf-tæknisvið“.
2. Ákvæði 4. málsgreinar 14. gr. breytist og verður svohljóðandi:  
Við rekstrardeild fer fram kennsla í viðskiptafræði. Námið er 90 einingar og skiptist í tvö svið (alþjóða)markaðssvið og vörustjórnunarsvið. Á báðum sviðum er mögulegt að ljúka námi í rekstrarfræði sem er 60 eininga diplomanám.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglnanna:

1. Í stað 2. málsgreinar, sem nú verður 4. málsgrein, kemur ný málsgrein svohljóðandi:  
Heimilt er að ráða kennara, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðinga tímabundið til allt að fimm ára. Heimild til tímabundinnar ráðningar gildir hvort sem um er að ræða fullt starf eða hlutastarf. Um slíka ráðningu gilda sömu reglur og um ótímabundnar ráðningar nema annað leiði af lögum eða reglum þessum.
2. Inn kemur ný 3. málsgrein sem verður svohljóðandi:  
Starfsmaður öðlast ekki rétt til ótímabundinnar ráðningar að lokinni tímabundinni ráðningu.
3. Ákvæði 2. málsgreinar eldri reglna verður nú 4. málsgrein og er svohljóðandi:  
Umsækjandi um starf prófessors, dósentis eða lektors skal láta fylgja umsókn sinni ræki-lega skýrslu um námsferil sinn og starfsreynslu úr atvinnulífinu á fagsviði sínu, vísindastörf, ritsmíðar, rannsóknir, hönnunarstörf, kennslustörf og stjórnunarstörf. Um skipan dómnefndar og mat á umsóknum fer eftir 3. gr. laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands.
4. 3. málsgrein verður nú 5. málsgrein.
5. 4. málsgrein verður nú 6. málsgrein.
6. 5. málsgrein verður nú 7. málsgrein.
7. 6. málsgrein verður nú 8. málsgrein.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglnanna:

1. Ákvæði 3. málslíðar 1. málsgreinar breytist og í stað orðanna „og fyrir 1. júní vegna vormisseris“ kemur „og viku fyrir brautskráningu á vormisseri“. Ákvæði 3. málslíðar 1. málsgreinar verður því svohljóðandi:  
Sjúkra- og endurtekningarpóf skulu haldin á tímabilinu 4. til 15. janúar vegna haust-misseris og viku fyrir brautskráningu á vormisseri.
2. Við 1. málslíð 2. málsgreinar bætist „og deildarstjóra frumgreinadeildar“. Ákvæði 1. málslíðar 2. málsgreinar verður því svohljóðandi:  
Prófstjóri starfar í umboði rektors og annast undirbúning og framkvæmd skriflegra prófa í samráði við vikomandi deildarforseta og deildarstjóra frumgreinadeildar.
3. Við lok 5. málsgreinar bætist nýr svohljóðandi málslíður:  
Nemandi þarf að skrá sig í sjúkra- og endurtekningarpóf til að hafa próftökurétt. Síðasti skráningardagur kemur fram í dagatali skólans.
4. Í 1. málslíð 8. málsgreinar kemur inn „10 virkum dögum“ í stað orðanna „10 dögum“.

## 4. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga nr. 136/1997, um háskóla, og laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, að tillögum viðkomandi háskóladeilda, öðlast þegar gildi.

*Tækniháskóla Íslands, 25. júní 2004.*

**Stefanía Katrín Karlsdóttir** rektor.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum, nr. 659/2000.**

## 1. gr.

C-liður 1. mgr. 2. gr. orðist svo:

*háhraðafar* er háhraðafar eins og það er skilgreint í 1. reglu X. kafla alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) samkvæmt nýjustu útgáfu hans;

## 2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari er innleidd breyting á tilskipun ráðsins nr. 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja bandalagsins skv. 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/84 frá 5. nóvember 2002 sbr. ákvörðun EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 178/2003, sem birtist í EES-viðbæti nr. 15 þann 25. mars 2004, bls. 16.

*Samgönguráðuneytinu, 7. júlí 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir sjálfseignarstofnunina Akureyri í öndvegi.

### 1. gr.

Akureyri í öndvegi er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð. Heimili Akureyrar í öndvegi og varnarþing er á Akureyri.

### 2. gr.

Stofnfé Akureyrar í öndvegi er kr. 600.000, krónur sexhundraðþúsund 00/100. Stofnféd hefur verið greitt af eftirfarandi aðilum:

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>
Vörður váttryggingafélag hf.	661103-2480	50.000
Pyrping hf.	511202-2720	50.000
Hagar hf.	670203-2120	50.000
KB banki hf.	560882-0419	50.000
Landsbanki Íslands hf.	540291-2259	50.000
Íslandsbanki hf.	550500-3530	50.000
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	701288-1739	50.000
Kaupfélag Eyfirðinga	680169-2769	50.000
Sparisjóður Norðlendinga	490797-2469	50.000
Váttryggingafélag Íslands hf.	690689-2009	50.000
Kaldbakur hf.	670169-3679	50.000
Ragnar Sverrisson ehf.	630284-0749	50.000

Eigi má fara með eigur stofnunarinnar eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum hennar eða stuðlar að framgangi þeirra.

### 3. gr.

Markmið Akureyrar í öndvegi er þróun, skipulagning og uppbygging miðbæjarins á Akureyri byggð á víðtæku samráði íbúa, fyrirtækja og stofnana á Akureyri. Í því sambandi er markmið sjálfseignarstofnunarinnar það að standa fyrir opnu samráðsþingi og alþjóðlegri hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjar Akureyrar. Í framhaldi af því verður unnið að stefnumótun og gerð viðskiptaáætlunar til að fylgja niðurstöðum samkeppninnar eftir. Komi til að sjálfseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefna í þágu almannaheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

### 4. gr.

Í stjórn Akureyrar í öndvegi sitja Ragnar Sverrisson, kt. 260249-2319, Andri Teitsson, kt. 241266-3709, Jóhannes Jónsson, kt. 310840-3009, Jón Björnsson, kt. 160166-5769, og Helgi Teitur Helgason, kt. 191172-4269. Stjórnarmenn tilnefna hver um sig sinn varamann. Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn stofnunarinnar og skal hann þá um leið tilnefna nýjan varamann í sinn stað. Stjórnin kýs formann stjórnar, varaformann, gjaldkera og skiptir að öðru leyti með sér verkum til eins árs í senn, í fyrsta sinn á stofnfundi í júnímánuði 2004. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók. Formaður kemur fram fyrir hönd Akureyrar í öndvegi

og er forsvarsmaður sjálfseignarstofnunarinnar á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

5. gr.

Stjórn Akureyrar í öndvegi fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og starfs-tilhögun og vinnur að markmiðum hennar skv. 3. gr. Stjórnin hefur yfirumsjón og eftirlit með öllum málefnum, eignum og rekstri Akureyrar í öndvegi, setur henni og starfsfólki reglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu Akureyrar í öndvegi. Formaður kemur fram fyrir hönd Akureyrar í öndvegi og er forsvarsmaður stofnunarinnar á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að yfirfara reikninga Akureyrar í öndvegi. Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verk-efni. Boða skal ársfund fyrir lok maímánaðar með a.m.k. viku fyrirvara. Á ársfundi skal stjórn leggja fram skýrslu um starfsemi ársins, ársreikning fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi komandi árs. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé Akureyrar í öndvegi hefur verið ráðstafað á því ári, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988.

6. gr.

Tekjur Akureyrar í öndvegi eru eftirfarandi: Stofnfjárframlag, framlög aðila samkvæmt samningum stofnunarinnar við þá, framlög opinberra aðila, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga og aðrar sértekjur.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki stjórnar og með heimild dómsmálaráðherra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Sama gildir um ákvörðun um að leggja Akureyri í öndvegi niður. Í því tilviki skal eigum Akureyrar í öndvegi ráðstafað á Akureyri með tilliti til markmiða stofnunarinnar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

F. h. r.  
**Drífa Pálsdóttir.**

Bryndís Helgadóttir.

## REGLUR

### um breytingu (19) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 1. gr.

Á milli 1. og 2. málslíðar 2. mgr. 53. gr. reglnanna, sem fjallar um kennslu og kennslu-hætti, bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Fylgja skal samþykktum háskólafundar um viðmið og kröfur um gæði kennslu og náms.

#### 2. gr.

Aftan við 2. mgr. 5. tölulíðar 68. gr. reglnanna, sem fjallar um skipulagt framhaldsnám til meistara- og doktorsnáms, bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Fylgja skal samþykktum háskólafundar um viðmið og kröfur um gæði meistaranáms og doktorsnáms.

#### 3. gr.

Ákvæði 5. mgr. 74. gr. reglnanna, sem fjallar um Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, breytast og verða svohljóðandi:

Kennarar og sérfræðingar við Háskóla Íslands og stofnanir hans, sem hafa rannsóknir að aðalstarfi og hafa verið ráðnir á grundvelli hæfnisdóms, geta sótt um stuðning sjóðsins. Að auki geta nýdóttarar, er uppfylla skilyrði sjóðsins, sótt um sérstaka nýdóttarastyrki sem stjórn sjóðsins er heimilt að auglýsa.

#### 4. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, á grundvelli ályktunar háskólafundar hvað varðar 1. og 2. gr. og að tillögu vísindanefndar háskólaráðs hvað varðar 3. gr., öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 28. júní 2004.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998 - 2018, byggðasafn og tjaldsvæði við Garðskagavita.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 7. júlí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018 frá 19. október 1999.

Breytingin felst í því að tjaldsvæði við Garðskagavita er stækkað til suðurs og svæði fyrir opinberar stofnanir stækkar til austurs vegna stækkunar byggðasafns.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Gerðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. júlí 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Ytri-Hólmur 1, Innri-Akraneshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 7. júlí 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að ca. 4.500 fermetra landbúnaðarsvæði er breytt í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Innri-Akraneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. júlí 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga 1997 - 2017, hafnargarður.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 7. júlí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga 1997 - 2017 frá 18. desember 1996.

Breytingin felur í sér lengingu á viðlegukanti hafnarinnar um 250 metra í suðvesturátt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skilmannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. júlí 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 5.2.1. fellur brott.

2. gr.

Grein 5.2.2. verður svohljóðandi:

Fiskiskip, sem er styttra en 12 m að lengd, skal búið gúmmíbjörgunarbatí sem rúmar a.m.k. alla skipverja.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast gildi 1. október 2004.

*Samgönguráðuneytinu, 5. júlí 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn, nr. 173 13. febrúar 2004.

Samkvæmt orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 159 20. desember 2002 um Norðurorku, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn er taki gildi 1. ágúst 2004:

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fast gjald fyrir hvern mæli:

Flokkur	Mælir	Grunnverð kr. pr. dag	Vsk kr.	Samtals kr. pr. dag
A	15 mm	35,00	1,86	36,86
B	20 mm	75,00	3,99	78,99
C	25 mm	145,00	7,71	152,71
D	32 mm	280,00	14,90	294,90
E	40 mm	570,00	30,32	600,32
F	50 mm	1100,00	58,52	1158,52

Aðalheimæðar fyrir hitaveitu Þvermál inntaks	Grunnverð kr.	VSK kr.	Samtals kr.
20 mm	176.095	9.368	185.463
32 mm	228.923	12.179	241.102
40 mm	309.046	16.441	325.487
50 mm	432.666	23.018	455.683
65 mm	627.364	33.376	660.739
80 mm	941.046	50.064	991.110
100 mm	1458.622	77.599	1536.221
Tengigrind	26.096	1.388	27.484
Lengdargjald m	3.934	209	4.143

Tengigrind er ekki innifalin í verði heimlagnar.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern m. umfram 20 metra innan lóðarmarka.

Gjaldskrá standi óbreytt að öðru leyti.

*Iðnaðarráðuneytinu, 6. júlí 2004,*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag á Völlum, Ölfusi

*Byggingarreitir fyrir hesthús, gistihús og skógrækt.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarráð Ölfuss þann 15. mars 2001 samþykkt deiliskipulag að skika lands úr jörðinni Vellir, Ölfusi, með þeim breytingum sem gerðar voru eftir auglýsingu, samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Deiliskipulagið er unnið af Landform Selfossi, dagsett 19. mars 2001. Síndir eru tveir byggingarreitir, annar fyrir hesthús og hinn fyrir gistihús. Grunnflötur hvorrar byggingar fyrir sig skal ekki fara yfir 1500 m<sup>2</sup>. Fyrir liggur samþykkt frá landbúnaðarráðuneytinu, dagsett 6. maí 1999 um að byggja megi gistihús á þeim stað sem sýndur er á uppdrættinum. Einnig kemur fram samningur við landbúnaðráðuneytið dagsettur 25. september 2000 um leigu á um 43,5 ha landspildu úr landi Vorsabæjar. Samningur liggur fyrir, dagsettur 25. september 2000 við landbúnaðarráðuneytið, um 1,3 ha landsspildu vestan íbúðarhússins að Völlum fyrir skógrækt sem sýndur er á deiliskipulagsuppdrættinum.

Fyrir liggja byggingarskilmálar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 9. júlí 2004.*

**Sigurður Jónsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
595	7. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001 .....	1511
596	25. júní	Reglur um breytingu á reglum fyrir Tækniháskóla Íslands nr. 813/2002 .....	1512-1513
597	7. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum, nr. 659/2000 .....	1513
598	1. júlí	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Akureyri í öndvegi .....	1514-1515
599	28. júní	Reglur um breytingu (19) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 .....	1516
600	7. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998 - 2018, byggðasafn og tjaldsvæði við Garðskagavita .....	1517
601	7. júlí	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Ytri-Hólmur 1, Innri-Akraneshreppi .....	1517
602	7. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga 1997 - 2017, hafnargarður .....	1518
603	5. júlí	Reglur um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, með síðari breytingum .....	1518
604	6. júlí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn, nr. 173 13. febrúar 2004 .....	1519
605	9. júlí	Auglýsing um deiliskipulag á Völlum, Ölfusi .....	1520

